

RANNSÓKNIR Á LAXASTOFNUM MIÐFJARÐARÁR 1989

Tumi Tómasson

Hólum, jan 1990

VMST-N/90002



**VEIÐIMÁLASTOFNUN - NORÐURLANDSDEILD**  
Hólum, Hjaltadal, 551 Sauðárkróki.

## RANNSÓKNIR Á LAXASTOFNUM MIÐFJARÐARÁR 1989

Í þessum pistli hef ég reynt að setja fram upplýsingar til að menn geti metið það sjálfir hvaða veiðilíkur eru í sumar, hvað er gert til að bæta þær og hvaða skilningur liggur til grundvallar þeim aðgerðum.

Framkvæmd rannsókna síðastliðið sumar var með svipuðum hætti og á undanförnum árum. Vorið var fremur kallt og mikil snjóalög orsökuðu flóð, vatnskulda og mikinn framburð í ánum fram á sumar. Það var lærdómsríkt að fylgjast með hvernig laxastofninn brást við.

### VEIÐIN 1989

Alls veiddust 1176 laxar, þar af voru 416 smálaxar og 760 stórlaxar. Heildarveiði í Miðfjarðará hefur oft verið minni, t.d. árin 1981-1985 og 1987, og í þeim skilningi var þetta ekki mjög lélegt veiðiár. Þegar hinsvegar er tekið tillit til þess að frá 1985 stendur mun stærra svæði á bak við framleiðslu laxagangnanna (smáseiðasleppingar á ólaxgeng svæði) en áður var og að athuganir á ástandi seiðastofna bentu til að uppsveifla væri í framleiðslu gönguseiða, þá varð útkoman mjög léleg, miklum mun lakari en væntingar stóðu til. Við skulum aðeins skoða betur hverjar þessar væntingar voru.

Sumarið 1988 veiddust 1784 smálaxar í Miðfjarðaránum og var það metveiði. Næst mesta skráða smálaxaveiði var 1977, þá veiddust 1458 smálaxar. Nokkuð góð fylgni er milli fjölda smálaxa eitt árið og fjölda stórlaxa árið síðar. Þó að stærra hlutfall göngunnar komi sem smálax þegar smálaxagöngur eru stórar gildir almennt að eftir því sem fleiri smálaxar veiðast eitt árið, því fleiri stórlaxa getur maður vænst að veiða næsta ár.

Vissulega eru stundum nokkur frávik frá þessu sambandi, en þó var ekki ástæða til að ætla annað en að 1989 yrði góð stórlaxaveiði, jafnvel metár. Stórlaxaveiðin varð hinsvegar 53% undir því sem búast mætti við miðað við "meðalaðstæður". Hin síðari ár, eða allt frá 1980, hefur hlutfall stórlaxa í veiðinni almennt farið heldur minnkandi. Þó hefur aldrei fyrr verið skráð jafnmikið frávik frá væntanlegri stórlaxaveiði og s.l. sumar.

Þessi tilhneiging minnkandi stórlaxaveiði hófst með aukningu á úthafsveiðum Færeyinga. Laxamerkjum úr Miðfjarðará hefur verið skilað úr Færeyingaveiðinni. Samt benda upplýsingar úr merkingum ekki til að veiðar Færeyinga geti skýrt nema lítinn hluta þeirra þróunar sem orðið hefur á aldurssamsetningu veiðinnar í Miðfjarðaránum.

Mikið hefur verið deilt um áhrif netaveiða við ströndina á laxgengd í Miðfjarðará. Ekki liggja fyrir neinar tölulegar upplýsingar um þessar veiðar en víst er að áhrif þeirra gætu verið veruleg.

Það er ávalt erfiðara að spá fyrir um gengd smálaxa en stórlaxa. Það fer eftir fjölda gönguseiða sem yfirgefa ána og afdrifum þeirra í sjó á því rúma ári sem þau eru þar. Almennt er talið að ástand sjávar fyrstu vikurnar eftir að seiðin ganga út hafi mikil áhrif á afkomumöguleika þeirra. Þetta ástand endurspeglast í sjávarhita og er verra eftir því sem sjórinn er kaldari.

Gönguseiðaframleiðslan vorið 1988 var meiri en hún var vorið 1987, sem þó gaf metveiði í smálaxi sumarið 1988. Hinsvegar urðu heimtur á smálaxi úr sjó mjög slakar árið 1989. Villt gönguseiði sem voru merkt í Núpsá 1988 skiluðu sér sex sinnum verr sem smálax en seiði sem voru merkt á göngu til sjávar 1987.

## ÁSTAND SEIÐASTOFNA

Rafveiðar benda til að vorflóðin hafi grisjað seiðastofnana í Vesturá og Austurá. Þetta var reyndar heldur af hinu góða þar sem seiðapéttleikinn þar var orðinn meiri en æskilegt getur talist. Jafnframt virðist í þessum ám, einkum í fremri hlutum þeirra, að seiði hafi frestað sjávargöngu sinni. Þannig hefur framleiðsla áнна að einhverju leiti "stokkast upp" og þar er nú hátt hlutfall stórra seiða. Verði vorið 1990 sæmilegt má reikna með að gönguseiðaframleiðsla verði þá með mesta móti.

Í neðri hlutum árkerfisins, þ.e. í Miðfjarðará og neðstu hlutum Vesturár og Núpsár ber hinsvegar lítið á þessari uppstokkun. Hvort þetta er vegna aukinna affalla í vorflóðunum eða vegna þessa að þessi seiði hafi gengið eðlilega til sjávar vitum við ekki með vissu, en líklega er skýringarinnar að leita í hvoru tveggja.

Sérstöku rannsóknarverkefni sem unnið hefur verið að í Núpsá á undanförnum árum var haldið áfram. Seiðagangan út var mun seinna á ferðinni en á undanförnum árum og seiðin almennt stærri. Mun færri seiði virtust þó vera á ferðinni en undanfarin tvö ár. Telja má víst að það sé einkum kostur fyrir seiðin að vera stór í árum þegar sjávarhiti er lágur. Oftast fylgist að kaldur sjór og sein vorkoma. Því má líta á þessi viðbrögð seiða að köldu og seinu vori sem aðlögun að köldum sjó. Líklegt má telja að á móti tiltölulega lítilli gengd villtra sjógönguseiða s.l. vor komi hlutfallslega betri heimtur úr hafi. Þrátt fyrir þetta eru tæplega líkur á að náttúruleg framleiðsla muni skila stórum smálaxagöngum sumarið 1990. Þegar líða tók á vorið var hættan á lítilli náttúrulegri gönguseiðaframleiðslu orðin nokkuð ljós og þá var sleppt 16000 gönguseiðum af Miðfjarðarárstofni á fjórum stöðum við ána. Þessar gönguseiðasleppingar gætu verulega bætt smálaxagengd í Miðfjarðarárnar sumarið 1990.

## HEIMTUR GÖNGUSEIÐA

Nú eru komnar endanlegar niðurstöður úr merkingum villtra gönguseiða í Núpsá 1987 og úr gönguseiðasleppingum á sama ári. Alls voru merkt 1878 villt seiði. Sé eingöngu miðað við veiddan lax urðu heildarheimtur villtra seiða 4.6%, þar af var stórlax 1.4 %. Heildarheimtur voru breytilegar eftir göngutíma og voru tvisvar sinnum meiri á seiðum sem gengu út á fyrri hluta göngutímans en hjá þeim sem gengu út síðar. Hlutfallið af stórlaxi óx hinsvegar í heildarheimtunum, úr 27% í tæp 40%.

Gönguseiðasleppingarnar 1987 skiluðu sér mun betur en dæmi eru til um áður. Sleppt var á tveimur stöðum, fyrir neðan þjóðvegsbrúna og í tjörn við Núpsá. Neðri sleppingin skilaði í heildina 6.4% (þar af 9% sem stórlax) og Núpsársleppingin skilaði 4.8% heimtum (21% sem stórlax).

Árið 1988 voru aftur merkt 1700 villt seiði og sleppt var eldisseiðum á sömu staði og árið á undan, um 4000 seiðum á hvorn stað. Núpsársleppingin skilaði sér 1.4% í veiði, en villtu seiðin skiluðu sér ekki nema 0.5% (0-2% eftir hópum) og voru heimturnar betri hjá seiðum sem síðar gengu. Þannig versnuðu heimtur villtra seiða sem smálax rúmlega sexfalt milli ára á meðan heimtur eldisseiða versnuðu tæplega þrefalt. Þetta gefur vísbendingu um að hægt sé að ná viðunandi árangri með gönguseiðasleppingum, jafnvel í árum þegar heimtur náttúrulegra seiða eru mjög slakar.

Eins og áður sagði er líklegt að kaldur sjór hafi síður neikvæð áhrif á lífslíkur og vaxtarmöguleika stórra seiða en smárra og þau eldisseiði sem sleppt hefur verið í Miðfjarðar-árnar eru almennt 3-5sinnum þyngri en náttúrulegu seiðin. Ég tel að lélegar heimtur náttúrulegra seiða sem gengu til sjávar vorið 1988 sem smálax 1989 hafi m.a. orsakast af því að þrátt fyrir sjávarkulda var vorkoman í ánum eðlileg og gönguseiðin því almennt fyrr á ferðinni og smærri en vanalegt er þegar sjór er kaldur.

## LOKAORÐ

Ég vil að endingu þakka veiðimönnum öllum ómetanlegt samstarf á liðnum árum og vona að við munum áfram njóta velvilja þeirra og aðstoðar, því enn eigum við margt ólært um orsakir og eðli sveiflna í laxgengd.

110190  
skyr89  
midja.89